

Tillaga að ályktun stjórnar, Vestfirðir áfram gullkista

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal 16. og 17. september 2025, ályktar um mikilvægi þess að Vestfirðir verði áfram gullkista Íslands.

Fjórðungsþing fagnar þeirri innviðauppbýggingu sem þegar hefur verið ráðist í, framkvæmdum sem eru nú í gangi og fyrirheitum sem ríkisstjórnin hefur gefið um aukið fé til vegamála og viðhalds. Samfélagið nýtur góðs af, en einnig ferðapjónustan, og þar með eykst geta Íslands til að taka á móti ferðamönnum með sómasamlegum og arðbærum hætti. Aukin vetrarþjónusta og bætt fjarskipti á vegum á Vestfjörðum eru forgangsmál sem tafarlaust þarf að ráðast í til þess að auka öryggi og áreiðanleika.

Stærsta einstaka hagsmunamál Vestfirðinga að því undanskildu er að framkvæmdir við Hvalárvirkjun fari af stað og gangi vel. Með því eykst raforkuöryggi og afhendingargeta kerfisins sem hefur bein og óbein áhrif á íbúa og atvinnulíf. Hvalárvirkjun og tengingar vegna hennar eru fljótlegasta og skynsamlegasta leiðin til að hægt verði standa við markmið stjórnvalda um tvítengingu landshlutans eigi síðar en 2030. Ríkið þarf að standa við sinn hluta til að af virkjun Hvalár geti orðið með uppbyggingu vega og fjarskipta. Með uppbyggingu tengivirkis í innanverðu Ísafjarðardjúpi opnast fyrir aðrar virkjanir sem er í nýtingarflokki eða eru á leið í nýtingarflokk. Fjórðungsþing bendir á að Hvalárvirkjun er þjóðhagslega hagkvæm og eykur áfallaþol landsins alls.

Fjórðungsþing lýsir yfir áhyggjum af því að útflutningsdrifið hagkerfi Vestfjarða bresti í stað þess að bogna þegar innviðagjöld á skemmtiferðaskip eru ekki lækkuð í samræmi við orð ráðherra fyrr í ár, veiðigjöld eru hækkuð, raungengi er hátt og þorskaflí dregst saman. Vestfirðir hafa alla tíð verið gullkista Íslands, og við þurfum að standa saman til að svo verði áfram.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir hönd stjórnar FV